

Nd.

767. Breytingartillögur

[192. mál]

við frv. til laga um jafnstöðu kvenna og karla.

Frá allsherjarnefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti kvenna og karla.
2. 5. gr. orðist svo:
Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, ef umsækjandi óskar þess, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera, er ráðinn var í starfið.
Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa, ef konu er veitt starfið.
3. Við 7. gr.
 - a. Í stað „menntastofnunum“ komi: mennta- og uppeldisstofnunum.
 - b. Í stað „jafnstöðu“ komi: jafnrétti. (Aðrar greinar frv., þar sem orðið jafnstaða kemur fyrir, breytast á sama hátt).
4. 9. gr. orðist svo:
Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara. Jafnréttisráð skal skipað 5 mönnum til þriggja ára í senn og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins og skal hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af félagsmálaráðherra, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.
Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.
5. Við 10. gr. Í stað „Jafnstöðuráð“ komi: Jafnréttisráð, og í stað „jafnstöðumál“ komi: jafnréttismál. (Aðrar greinar frv., þar sem orðin Jafnstöðuráð og jafnstöðumál koma fyrir breytast á sama hátt).
6. Við 11. gr. Í stað orðanna „hlutaðeigandi atvinnurekanda“ í 1. mgr. komi: viðkomandi aðila, og í stað „atvinnurekandinn“ í 2. mgr. komi: viðkomandi aðili.
7. Heiti frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um jafnréttisráð.